# Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 12/2025

Reykjavík, 8.7.2025 Málsnúmer: 2025070090

## Efni

Dai Phat Trading, að höfðu samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, hefur stöðvað sölu og innkallað frá neytendum vöruna *All Purpose Sauce Regular* frá Mang Tomas. Innköllun á við um allar framleiðslulotur af vörunni.

## Ástæða innköllunar

Grunur er um að varan innihaldi ofnæmis- og óþolsvaldinn **sojabaunir** án þess að hann komi fram á umbúðum.

## Hver er hættan?

Sojabaunir geta valdið ofnæmisviðbrögðum hjá þeim sem eru með ofnæmi fyrir þeim. Öðrum er óhætt að neyta vörunnar.

## Upplýsingar um vöru sem innköllunin einskorðast við

| | |
|---|---|
| Vörumerki: | Mang Thomas |
| Vöruheiti: | All Purpose Sauce Regular |
| Geymsluþol: | Best fyrir dags. 30.11.2025, 01.12.2025 og 01.02.2026. |
| Nettómagn: | 330 g |
| Framleiðandi: | Mang Tomas |
| Framleiðsluland: | Filippseyjar |

## Heiti og heimilisfang fyrirtækis sem innkallar vöru

Dai Phat Trading Inc ehf., Faxafeni 14, 108 Reykjavík.

## Dreifing

Eingöngu selt í verslun Dai Phat Asian Supermarket, Faxafeni 14.

## Leiðbeiningar til neytenda

Viðskiptavinum, sem hafa ofnæmi fyrir sojabaunum, er bent á að neyta ekki vörunnar heldur farga henni eða skila í verslun þar sem hún var keypt.

## Nánari upplýsingar um innköllun

Viðskiptavinir sem hafa keypt vöruna er bent á að neyta hennar ekki og farga eða skil henni í þeirri verslun sem hún var keypt gegn endurgreiðslu. Fyrir frekari upplýsingar hafið samband í númerið 765-2555.

## Mynd(-ir)

